

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. desember 2015
2015120001/42-1-1
JGO, TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 1. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.

Eins og rakið er í greinargerð með umræddu frumvarpi er verið með sameiningu Náttúrufræðistofnunarinnar við Mývatn (RAMÝ) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að leitast við að einfalda og styrkja stofnanaumgjörðina, bæta tæknilegt stofnanaumhverfi RAMÝ og efla faglegt starf á sviði gagnaöflunar, rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands. Jafnframt er verið að styrkja starfsemi stöðvarinnar og efla rannsóknir og vöktun á náttúru Mývatns- og Laxárvæðisins. Áhersla er lögð á markvissa uppbyggingu gagnasafna og rannsóknainnviða með betri þjónustu við samfélagið og nýtingu fjármuna að leiðarljósi. Þverfaglegt starf verður eflt og verkefnum á Mývatns- og Laxárvæðinu fjölgað. Náttúrufræðistofnun telur að sameining NÍ og RAMÝ muni styrkja starfsemi beggja og leiða til öflugri starfsemi á Mývatns- og Laxárvæðinu og mælir með henni.


Í frumvarpinu er einnig lagðar til breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti Náttúrufræðistofnunar. Breytingarnar voru unnar í samráði við stofnunina, en verið er að laga löggjöfina að þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnskipulagi og starfsemi Náttúrufræðistofnunar á undanförunum mörgum árum. Náttúrufræðistofnun er sammála öllum þeim breytingum á stjórnskipulaginu sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Náttúrufræðistofnun tók virkan þátt í undirbúningi frumvarpsins og er mjög sátt við það. Mælt er með að Alþingi samþykki frumvarpið og að lögin öðlist gildi sem fyrst.




Stofnunin er til reiðu búin að mæta á fund nefndarinnar og svara spurningum er varða frumvarpið og athugasemdir sem fram hafa komið í öðrum umsögnum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

